



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 28. febrúar 2025

Ályktanir á ársþingi KSÍ. Siðareglur KSÍ og erlendir leikmenn.

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ 28. febrúar voru samþykktar nýjar siðareglur KSÍ annars vegar og breyting á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga hins vegar. Síðarnefnd breyting varðar heimild um tiltekin fjölda erlendra leikmanna sem skráðir geta verið á leikskýrslu.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingar á texta í reglugerðum:

Það sem samþykkt hefur verið að falli inn í reglugerð er **rauðmerkt**.

Það sem samþykkt hefur verið að fella út úr reglugerð er ~~yfirstrikað~~.

REGLUGERÐ KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

VI. kafli. FÉLAGASKIPTI INNANLANDS

23. grein – Erlendir leikmenn

- 22.1 Erlendur ríkisborgari telst hlutgengur hafi hann keppnisleyfi útgefið af skrifstofu KSÍ. Ekki geta fleiri en ~~þrjú~~ **fimm** erlendir leikmenn frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi verið skráðir á leikskýrslu í 1. aldursflokki í hvert sinn í leik á vegum KSÍ. Leikmaður með breskt ríkisfang (England, Norður Írland, Skotland og Wales) sem fengið hefur útgefið keppnisleyfi hjá aðildarfélagi KSÍ fyrir 1. janúar 2021 (Brexit) telst ekki á meðal þeirra **fimm** erlendu leikmanna frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi sem geta verið á leikskýrslu í 1. aldursflokki.

Siðareglur KSÍ

Nýjar siðareglur KSÍ er meðfylgjandi dreifibréfi þessu.

Greinargerð

Um er að ræða nýjar siðareglur KSÍ og breytingar á reglugerð sem samþykktar voru á ársþingi KSÍ þann 22. febrúar sl. Voru tillögur kynntar ítarlega í aðdraganda ársþings og á þinginu sjálfu. Þingsályktunartillögur má nálgast hér á [þingskjali nr. 10](#) og [þingskjali nr. 11](#).

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ